

329. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 30. júní 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

Fyrir tekið:

1. 2412079 - Akrasel - ábendingar frá foreldrafélaginu

Skóla- og frístundaráð vísar erindi frá foreldrafélagi Akrasels til umfjöllunar hjá skipulags- og umhverfisstjórn.

Skipulags- og umhverfisstjórn þakkar framkomnar ábendingar frá foreldrafélaginu. Ráðið vísar erindinu að öðru leyti til verkefnastjóra þar sem mat verður lagt á kostnað og forgangsörðun verkefna sem lagt er til að farið verði í hjá Akraseli. Málið verður tekið fyrir að nýju í ágúst 2025.

2. 2502183 - Frisbígolfvöllur Garðalundi - erindi frá Friðpóri Erni og Bjarka Frey

Skóla- og frístundaráð vísar erindi frá Friðpóri Erni Kristinssyni og Bjarka Frey Kristinssyni til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisstjórn. Þeir bjóða þjónustu Fairway og Folfarinn.is til að betrubæta frisbígolfvöllinn í Garðalundi.

Skipulags- og umhverfisstjórn felur garðyrkjustjóra frekari úrvinnslu málsins. Niðurstöður um nauðsynlegar aðgerðir við frisbí golfvöll liggi fyrir næsta fund ráðsins ásamt kostnaði.

3. 2506157 - Skipulagsgátt - umsagnarbeiðni vegna endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037

Umsagnarbeiðni vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037.

Skipulags- og umhverfisstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

4. 2506172 - Smiðjuvellir 15 - Fyrirspurn um lóðastækkun

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla um stækkun lóðar í átt að Akranesvegi, vegna fyrirhugaðrar stækkunar á bílastæði á Smiðjuvöllum 15.

Skipulags- og umhverfisstjórn tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að vinna útfærslu málsins áfram.

5. 2506173 - Breyting á deiliskipulagi sementsreit - Suðurgata 106

Breyting á deiliskipulagi Sementsreit, í breytingunni felst að heimilt verði að hafa 6 íbúðir, nýtingarhlutfall verður 0,74, byggingarreitur stækkar suður.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verður fyrir Suðurgötu 98, 99, 103 og 107.

6. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið hefur lokið rýni á samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir Akraneskaupstað og er samþykktin tilbúin til síðari umræðu í bæjarstjórn sbr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 26. júní 2025 og vísaði samþykktinni til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði. Málið komi svo að nýju fyrir bæjarráð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir samþykktina með breytingum og vísar henni til bæjarráðs til fullnaðarafgreiðslu.

7. 2502155 - Viðhald gatna og stíga 2025 - Útboð

Opnunarskýrsla útboðsins er lögð fram. Kostnaðaráætlun verksins er 179.442.060 kr.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Keilir ehf - 681294-4659: 134.735.000 kr.

Þróttur ehf - 420369-3879: 156.258.900 kr.

Emkan ehf - 481002-2140: 159.600.000 kr.


Gleipnir Verktakar - 691208-0950: 167.000.000 kr.

Fagurverk - 650116-0460: 172.995.000 kr.

Lóðabjónustan - 640502-2580: 209.277.000 kr.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela sviðstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda með fyrirvara um að tilboðið uppfylli öll skilyrði útboðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.



Sævar Alexia Sigurðsdóttir
Anna Schwarz Smaradottir